



GÁRUR: UMBREYTINGAR Á NORÐURSLÓÐUM & NORÐRIÐ: BARNASÝNING

ALDUR 6 - 12 ÁRA

Verkefna bæklingur fyrir börn

Sum verkefnin er hægt að gera í myndlistarrýminu Hvelfingu en önnur á bókasafni. Allt efni er hægt að nálgast í afgreiðslu bókasafnsins og Hvelfingu. Spurðu starfsfólk Norræna hússins ef þig vantar aðstoð.

✱ ÓKEYPIS SÝNING OG VERKEFNI

10:00 - 17:00 | 6. FEBRÚAR - 26. APRIL



The Nordic House



Þorvarður Árnason

Listamaðurinn Þorvarður Árnason rannsakar breytingar á Vatnajökli, sem er stærsti jökull í Evrópu.

Hann skoðar hvernig ísinn breytist. Hvernig formin breytast þegar jökullinn hreyfist og bráðnar. Hann sýnir fjölbreytt og ólík litbrigði sem sjást á ólíkum árstímum.

Nú er komið að þér!

Í sýningarrýminu:

Jöklar hreyfast mjög hægt, getur þú: Gengið jafn hægt og jökull? Frosið eins og ís? bráðnað eins og jökull?

Prófa þú að fara á bakvið tjaldið í vídeóverkinu, þá geturðu upplifað hvernig það er að vera inni í íshelli.

Hér sérðu Þorvarð Árnason
inni í jöklahelli! →



Ljósmynd: Ladislav Skala

Á barnabókasafni:

Veldu liti sem þú sást og teiknaðu á pappírs rúllu á veggnum. Bættu við þínum formum og litum á ísvegginn og hjálpaðu okkur að fylla sýninguna!

(Þetta verkefni er hægt að gera á barnabókasafni og allt efni má finna í afgreiðslu bókasafnsins.)



Britta Marakatt-Labba



Britta Marakatt-Labba er Sami, og fjölskyldan hennar eru hreindýrahirðingjar.

Margar hirðingjafjölskyldur búa í tjöldum hluta ársins. Prófaðu að leggjast inn í tjaldið á barnabókasafninu og hugsaðu svo um vernig það væri að eiga heima í svona tjaldi.

Britta notar útsaum til að segja sögur. Sögurnar fjalla um fólkið hennar, hreindýr og náttúruna.

Nú er komið að þér!

Í sýningarrýminu:

Förum í teiknileik! Getur þú teiknað í kassann hér fyrir neðan, dýr sem þú sást í vídjóinu hennar Brittu?



Á barnabókasafni:

Þú getur fengið nál, þráð og efnisbút í afgreiðslu bókasafnsins og saumað sögur sem þú vilt deila. Starfsfólk safnsins mun finna sérstakan stað fyrir söguna þína í sýningunni. (Allt efni er hægt að nálgast í afgreiðslu bókasafnsins).





Josefina Nelimarkka



Vissir þú að til eru margar gerðir af skýjum? Sum ský svífa hátt uppi og heita **háský**, önnur svífa á miðri leið og heita **miðský**, og þau sem hanga nær jörðu heita **lágský**.

Skýin geta verið dúnmjúk, teygð, þykk, þung eða mjó, alveg ein sog ímyndunaraflið!

Listakonan **Josefina Nelimarkka** horfir á skýin á sérstakan hátt. Hún vinnur með **uppgufun** og veltir fyrir sér hvernig jökullinn getur breyst í ský. Hún hefur sérstakan áhuga á agnarsmáum **ögnum** sem svífa í loftinu. Þær eru svo léttar að loftið getur haldið þeim uppi. Á sýningunni vinnur hún með upplýsingar um rakann í loftinu sem hún fær frá mælitæki sem er á þakinu á Norræna húsinu. Upplýsingarnar breytast í form og hljóð í vídeóverki sem minnir á ský á hreyfingu.

Nú er komið að þér!

Í sýningarrýminu: Teiknaðu ský sem tengjast veðrinu í dag, í takt við verkið hennar Josefinu.

Á barnabókasafninu: Hugsaðu um öll skýin sem þú hefur séð og teiknaðu þín eigin ský. Hengdu upp í einn af römmunum á barnabókasafninu. **(Þetta verkefni fer fram á barnabókasafninu og allt efni er hægt að nálgast í afgreiðslu bókasafnsins.)**

Ivínguak Stork Høegh



Listakonan Ivínguak Stork Høegh býr á Kalaallit Nunaat sem við þekkjum sem Grænland.

Hún notar klippimyndataækni, þar sem hún klippir saman myndir, liti og form til að segja sögur um lífið á Grænlandi. Hún sýnir bæði dýr, hús, fólks og náttúruna í kring. Ivínguak veltir fyrir sér hvað gerist ef allur ísinn bráðnar. Með klippimyndum sínum ímyndar hún sér framtíðina og spyr: Hvernig verður heimurinn þá?


Nú er komið að þér!

Í sýningarrýminu:


Hvernig líður þér þegar þú horfir á listaverkin eftir Ivínguak? Hvað virkar skrítið eða óvenjulegt á myndunum?

Á barnabókasafninu:

Gerðu þína eigin klippimynd og hugsaðu um breytingar á Íslandi. Hvað gæti gerst ef veður, ís eða náttúra breytist? Hvaða framtíð vilt þú sjá? Klipptu, límdu og búðu til þína sögu!



Ef þú ert með einhverjar spurningar um bæklinginn eða listaverkin, ekki hika við að spyrja starfsfólk í afgreiðslu Hvelfingar sýningarrýmis eða í afgreiðslu bókasafnsins. Starfsfólk Norræna hússins aðstoðar þig með ánægju. Við þökkum listamönnum sýningarinnar Gárur fyrir leyfi til að nota verkin við gerð þessa bækling og sýningarstjóranum Ásthildi Jónsdóttur.



Þessar vinnustofur fara fram í sýningarrými Hvelfingar, í innsta rýminu. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða þarft frekari efni mun starfsfólki í afgreiðslu aðstoða þig.

Útsaums borð

Bættu við útsaumi í textílinn sem liggur á borðinu við hliðina á vídeóverkinu með verki Brittu. Með því að sauma út í textílinn verður þú hluti af lifandi sögu.

Þau getur saumað lítið merki, tákn eða orð, sem endurspeglar hver þú ert eða hvernig þér líður á þessari stundu. Fyrri reynsla er ekki nauðsynleg, hver saumur, hvort sem hann er vandvirkur eða ekki, leggur sitt af mörkum til vaxandi vefnaðar listaverksins, sem mótað er af mörgum höndum. Þegar þú saumar ásamt öðrum, hjálpar þú til við að breyta einföldu efni í sameiginlegt listaverk sem geymir minningar, tengsl og umhyggju. Taktu þér stund, veldu þráð og láttu hendurnar skilja eftir sig útsaumsspör af nærveru þinni.

Byggðu skjól fyrri tíma



Áður fyrr byggðu Inúítar á Grænlandi sér skjól -snjóhús eða íglú, úr vandlega mótuðum snjókubbum. Þessar byggingar voru hannaðar til að vera sterkar, stöðugar og einangrandi fyrir kuldanum á norðurslóðum.

Notaðu sykurmolana til að byggja þína eigin byggingu. **Gerðu tilraunir með sykurmolana; uppröðun, jafnvægi og form og skoðaðu hvernig einfaldar einingar eða kassar geta skapað skjól.**



Vinnustofur í Hvelfingu sýningarrými

Horfðu í gegnum augun 🙄🙄

Listamaðurinn Ivínguak Stork Høegh vinnur með klippimyndir og setur saman brot sem venjulega myndu ekki passa saman. Í ljósmyndaverkinu sýnir hún þjóðveg á Grænlandi - eitthvað sem er ekki til í landinu.

Stúlka réttir upp höndina: Stopp!

Prófaðu að taka þér tíma og horfa í gegnum augu stúlkunar á ljósmyndinni.

Hvað sérðu?

Teiknaðu það.

